

Priðjudaginn 11. október 1977.

Nr. 239/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Elíasi Kristjánssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, er greinir í ákæruskjali, og eru þau réttilega færð til refsíákvæða.

Verjandi ákærða hér fyrir dómi hefur flutt fram þá vörn, að sök sé fyrnd, og krafist sýknu af kröfum ákærvalds í málinu.

Brot ákærða var framið hinn 25. mars 1972. Lögreglumenn hófust þegar handa um rannsókn máls á vettvangi, og tóku þeir m. a. stutta skýrslu af ákærða. Bifreið ákærða var og skoðuð þann dag, ljósmyndir teknar og uppdráttur gerður af slysstað. Næstu daga tóku rannsóknarlögreglumenn nánari skýrslur af ákærða svo og skýrslur af bifreiðarstjóra bifreiðarinnar G 6479 og tveimur farþegum í bifreið hans. Var þeirri skýrslutöku lokið 24. apríl s. á. Hinn 4. maí 1973 sendi sakadómaraembættið í Reykjavík rannsóknargögn til saksóknara ríkisins „til ákvörðunar“. Saksóknari ríkisins endursendi rannsóknargögnin með bréfi 28. maí 1973, þar sem samþykkt var af hans hálfu að ljúka málinu með dómssátt, enda féllist viðkomandi á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og sætti enn fremur sviptingu ökuréttinda hæfilegan tíma samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Í

bréfi saksóknara greindi, við hvaða lagaákvæði brot var talið varða. Hinn 15. október 1974 kom ákærði fyrir sakadóm Reykjavíkur. Var honum kynnt bréf saksóknara frá 28. maí s. á., og var hann að því spurður, hvort hann vildi ljúka málinu með dómssátt. Að svo vöxnu var bókað í þingbók: „Kærði ansar því engu“. Sama dag var frá því skýrt í bréfi saksóknaraembættisins til saksóknara, að ákærði vildi eigi ljúka málinu með dómssátt. Ritaði ríkissaksóknari nú sakadómara bréf hinn 21. október 1974 og krafðist þess, „að mál þetta verði ítarlega rannsakað fyrir dómi og að rannsókn lokinni sent hingað á ný“. Hinn 4. og 6. apríl og 7. maí 1975 voru rituð í slysadeild Borgarspítalans að beiðni sakadóms Reykjavíkur vottorð varðandi líkamsáverka þá, sem þrír menn hlutu í bifreiðinni G 6479, þ. e. ökumaður hennar og tveir farþegar hans. Hinn 20. maí 1975 ritaði ríkissaksóknari sakadómaraembættinu í Reykjavík að nýju, og var þess enn krafist, að lokið yrði rannsókn þessa máls og það tekið til dómsálagningar samkvæmt ákæru, sem fylgdi bréfinu. Í þessu bréfi ríkissaksóknara var vísað til bréfs sakadóms Reykjavíkur 15. október 1974 og fylgigagna með því, en eigi getið að neinu bréfs ríkissaksóknara til sakadómsins frá 21. október 1974 og eigi heldur læknisvottorða um líkamsáverka, er að framan greindi. Hinn 27. apríl 1976 kom ákærði fyrir sakadóm Reykjavíkur. Var ákæra þá birt honum og hann yfirheyrður um sakarefnið. Fór síðan fram dómsrannsókn í málinu hinn 18. maí og 21. maí s. á. Eftir að vörn kom fram, var málið dómtekið hinn 4. júní s. á. og dómur upp kveðinn hinn 8. júní.

Réttarrannsókn í merkingu 2. málsgreinar 82. gr. almennra hegningarlaga hófst í máli þessu hinn 15. október 1974. Málsmeðferðin eftir það var að vísu seinvirk, en eigi verður þó talið, að réttarrannsókn hafi verið hætt „um óákveðinn tíma“, svo sem tekið er til orða í greindu lagaboði. Dómþing það, sem háð var í sakadómi Reykjavíkur í máli ákærða hina 15. október 1974 rauf því fyrningu til fullmustu, sbr. 2. málsg. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður eigi fallist á, að sök sé fyrnd.

III.

Eftir atvikum þykir mega sitja við ákvörðun héraðsdómara um refsingu og sviptingu ökuleyfis. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber og að staðfesta.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 40.000 krónur.

Hér að framan er gerð grein fyrir ferli málsins. Sá seingangur, sem orðið hefur á málinu hjá sakadómi Reykjavíkur, er aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Elías Kristjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. júní 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 8. júní, er á dómpingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 321/1976: Ákærvaldið gegn Elíasi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. maí f. á., á hendur ákærða, „Elíasi Kristjánssyni, matsveini, Hjallalandi 22, Reykjavík, fæddum þar í borg 14. mars 1934, fyrir að aka sunnudaginn 25. mars 1973 bifreiðinni R 30327 óvarlega og of hratt miðað við aðstæður suður Vesturlandsveg, þar sem hálka var á veginum, og einnig á öfugum vegarhelmingi með þeim afleiðingum, að bifreið hans rakst á bifreiðina G 6479, sem ekið var í gagnstæða átt, skammt norðan vegamóta að Blikastöðum í Mosfellssveit, en ökumaður þeirrar bifreiðar og tveir farþegar hans slösuðust.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 45. gr., 1. mgr.

47. gr., 1., 2. og 3. mgr., i lið, 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu
alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 25. mars 1973, klukkan 2107, var hringt til lög-
reglunnar í Reykjavík og tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði
sér stað þá skömmu áður á Vesturlandsvegi skammt norðan vega-
móta að Blikastöðum í Mosfellssveit.

Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu, og samkvæmt skýrslu
annars þeirra, Jóns Þórs Þorbergssonar, hafði þarna orðið árekst-
ur á milli fólksbifreiðanna R 30327, af Moskvich gerð, sem ekið
var suður Vesturlandsveg, og G 6479, af Fiat gerð, sem ekið var
í gagnstæða átt. Hafði bifreiðinni R 30327 verið ekið á öfugum
vegarhelmingi, eða vinstra megin miðað við akstursstefnu.

Samkvæmt skýrslu Jóns Þórs skýrði ökumaður bifreiðarinnar
R 30327, ákærði Elías Kristjánsson, svo frá, að hann hefði komið
inn á Vesturlandsveg skammt sunnan þéttbýlisins við Brúarland
og verið eitthvað annars hugar. Hefði hann áttað sig á því, þegar
hann var að mæta bifreiðinni G 6479, og hefði hann þá hemað,
en bifreiðin runnið áfram á hálku og hefði hann þá reynt að aka
út af veginum til vinstri, en árekstur þá orðið við hina bifreiðina.

Ökumaður bifreiðarinnar G 6479, Magnús Már Valdimarsson,
og tveir farþegar hans, bróðir hans Tryggvi Már Valdimarsson
og Ágúst Fjeldsted Ágústsson, voru fluttir á slysadeild Borgar-
spítalans af sjúkraliði, sem kom á staðinn, og verður gerð grein
fyrir meiðslum þeirra síðar.

Bifreiðarnar voru báðar mikið skemmdar að framan, og voru
báðar óökufærar og færðar á brott með kranabifreið.

Samkvæmt skýrslu Jóns Þórs var myrkur og regn og ísing á
veginum, sem er steinsteyptur. Þá voru nokkur hemlaför eftir
báðar bifreiðarnar.

Mál þetta var rannsakað af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík
og skýrslur teknar af ákærða og ökumanni bifreiðarinnar G 6479
og farþegum hans. Síðan var málið sent ríkissaksóknara til
ákvörðunar, og með bréfi hans, dagsettu 28. maí 1973, var af hans
hálfu heimilað, að málinu yrði lokið með dómssátt, enda féllist
ákærði á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og sætti enn
fremur sviptingu ökuréttinda um hæfilegan tíma. Þetta tilboð rík-

issaksóknara bar Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, undir ákærða 15. október 1974, en samkvæmt bókun í þingbók ansaði ákærði því tilboði engu. Málið var sent ríkissaksóknara að nýju sama dag, og barst loks ákæra, dagsett 20. maí f. á., sem dómariinn fékk í hendur 29. sama mánaðar, en fram að því hafði hann engin afskipti af málinu.

Eftir þingfestingu málsins 27. apríl sl. hefur farið fram rannsókn fyrir dómi, og verða nú raktir framburðir ákærða, ökumanns bifreiðarinnar G 6479 og bróður hans fyrir dómnum.

Ákærði skýrir svo frá, að umrætt kvöld, um kl. 2100, hafi hann ekið bifreiðinni R 30327 frá húsinu Vík í Mosfellssveit, en það stendur örstutt norðan Vesturlandsvegjar, og inn á þann veg. Þegar ákærði kom að Vesturlandsvegi, gekk yfir el, en samt sá ákærði ljós bifreiðar á leið til borgarinnar og áleit hana vera 400-500 metra í burtu. Ákærði ók því inn á veginn og inn á vinstri vegarhelming hans miðað við akstursstefnu til borgarinnar, enda fannst ákærða þessi bifreið vera á þeim vegarhelmingi. Ákærði var í leiðu skapi, en hann hafði orðið fyrir vonbrigðum stuttu áður. Þess vegna var ákærði á einhvern hátt bundinn með hugann við vonbrigðin, enda þótt þetta breytti ekki á nokkurn hátt því, að ákærði taldi sig fullfæran til aksturs. Þá kveðst ákærði ekki hafa verið miður sín við aksturinn. Þegar ákærði var kominn í nánd við Blikastaði, kom bifreið á móti honum á sama vegarhelmingi. Þegar ákærði sá ljós þessarar bifreiðar, fór hann að draga úr ferðinni með því að hemla, en sökum hálku tókst honum ekki að stöðva bifreiðina, áður en árekstur varð. Þegar ákærði fór frá borginni, var ekki hálka á veginum, en hún kom til, meðan ákærði dvaldist í Mosfellssveit.

Ákærði segist hafa ekið á eðlilegum ökuhraða á Vesturlandsvegi, um 50-70 km miðað við klukkustund, og allan tímann eftir að hann ók inn á Vesturlandsveg, stóð hann í þeirri trú, að hann væri á réttum vegarhelmingi, uns slysið var orðið.

Magnús Már Valdimarsson nemandi, Álmholti 8 í Mosfellssveit, ók á milli klukkan 2000 og 2100 umrætt kvöld bifreiðinni G 6479 úr Reykjavík eftir Vesturlandsvegi áleiðis að Skálatúni. Hann telur sig hafa ekið á 40-50 km hraða, en slydda var og skyggni ekki gott. Þegar hann var nokkru fyrir norðan vegamótin að Blikastöðum, sá hann bifreið koma á móti, sem honum virtist á sínum vegarkanti. Magnús Már hægði því ferðina og ætlaði að sjá, hverju fram yndi. Allt í einu sá hann, að bifreiðin kom beint á móti. Steig hann þá á hemlana og beygði aðeins til vinstri, en

fékk ekki forðast árekstur. Hann telur, að hin bifreiðin hafi verið á töluverðri ferð, og miðar þá við höggið.

Magnús Már aðstoðaði Ágúst Fjeldsted út úr bifreiðinni og lagði hann til og hagræddi honum á vegarkantinum. Þá reyndi hann að hjálpa bróður sínum út úr bifreiðinni, en það tókst ekki, þar sem hann var klemmdur fastur inni í henni.

Magnús Már ræddi við ákærða og bað hann að kalla á sjúkra-bifreið, en hann sagðist ekkert gera það, þar sem honum væri nær að aka ekki á sig á öfugum kanti.

Magnús Már finnur enn til óþæginda í hnjúnum eftir slysið, sérstaklega þó í hægra hné.

Tryggvi Már Valdimarsson sölumaður, Álmholti 8 í Mosfells-sveit, var farþegi í bifreiðinni G 6479 greint sinn og sat í hægra aftursæti. Mjög stuttu fyrir slysið vakti bróðir hans athygli á því, að bifreið kæmi á móti á öfugum vegarhelmingi. Jafnframt hægði hann ferðina. Skullu bifreiðarnar síðan saman rétt á eftir, og missti þá Tryggvi Már meðvitund, en rankaði við sér í sjúkra-bifreið á leið til Reykjavíkur. Hann kveðst vera orðinn jafngóður eftir slysið.

Ágúst Fjeldsted Ágústsson nemandi, Lindarbraut 25 á Seltjarn-arnesi, sem var farþegi í bifreiðinni í þetta skipti, er nú látinn.

Ágúst Fjeldsted gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 24. apríl 1973 og kvaðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar við hlið ökumanns. Hann tók ekki neitt sérstaklega eftir umferð um veginn, en taldi umferð ekki hafa verið mikla.

Magnús Már hafði orð á því við Ágúst Fjeldsted, hvort bifreið, sem kom á móti, væri ekki á öfugum kanti, og sá Ágúst strax, að svo var. Hann sá, að bifreiðin, sem á móti kom, var alveg á vegarhelmingi þeirra og stefndi því beint framan á bifreiðina. Ágúst Fjeldsted fann svo, að hemlun kom á bifreið þeirra, og telur, að ferðin hafi verið orðin lítil, þegar áreksturinn varð.

Ágúst Fjeldsted meiddist mikið, og verður meiðslum hans lýst síðar. Þegar hann mætti til yfirheyrslu, hafði hann skerta sjón á hægra auga og mikil ör í andliti, og kvað hann óvíst, hvort hann næði fullum bata eða yrði með andlitslýti í framtíðinni.

Ákærði minnst þess ekki að hafa viðhaft þau ummæli, sem Magnús Már hefur eftir honum eftir slysið. Þá óskaði ákærði eftir að taka það fram, að eftir að hann hafði áttað sig á því, að hann var í órétti, hafi hann látið aka sér á tvo bæi til að hringja eftir aðstoð, en honum var farið að lengja eftir henni.

Samkvæmt skýrslu Jóns Þórs Þorbergssonar komu rannsóknar-

lögreglumennirnir Sveinbjörn Bjarnason og Torfi Jónsson á vettvang og tóku að sér framhaldsrannsókn málsins.

Verður nú gerð grein fyrir framburðum þeirra, sem taldir voru hafa haft afskipti af rannsókn málsins, en þeir hafa flestir komið fyrir dóm.

Sveinbjörn Bjarnason rannsóknarlögreglumaður, Dvergbakka 28 í Reykjavík, fór á vettvang og tók ljósmyndir. Hann gerði einnig skýringar við þær. Hann segir, að hemlaför hafi verið að nokkru afmáð, þegar hann kom á vettvang, en þá var nokkur tími liðinn frá slysinu, en ekki veit hann, hversu langur tími.

Torfi Jónsson aðalvarðstjóri, Kleppsvegi 42 í Reykjavík, man eftir máli þessu, en segir, að það sé misskilningur, að hann hafi farið á vettvang.

Finnbogi Línal Sigurðsson lögreglumaður, Skaftahlíð 33 í Reykjavík, kom á vettvang í þetta skipti. Hann mundi ekki eftir málinu, fyrr en hann hafði fengið að lesa yfir skýrslu Jóns Þórs. Kvaðst hann þá ekki sjá annað en að hún væri rétt, svo og kannaðist Finnbogi Línal við að hafa gert uppdrátt þann, er gerður var af vettvangi, og kvað hann gerðan eftir bestu vitund.

Borgþór Þórhallsson rannsóknarlögreglumaður, Miklubraut 86 í Reykjavík, mundi eftir málinu, en kvaðst ekki hafa farið á vettvang. Hann tók skýrslur af Tryggva Má Valdimarssyni og Ágúst Fjeldsted og kvaðst hafa tekið skýrslurnar af þeim eins nákvæmlega og hægt var.

Franklín Friðleifsson, aðalfulltrúi í Bifreiðaeftirliti ríkisins, til heimilis að Vesturbergi 74 í Reykjavík, fór á vettvang og framkvæmdi athugun á bifreiðunum. Samkvæmt skýrslum hans, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, voru bifreiðarnar ekki ökufærar vegna skemmda að framan, en við þá skoðun, sem hægt var að framkvæma á slysstað, virtust hemlar og stjórntæki hafa verið í lagi. Hjólbarðar á bifreið ákærða voru allir snjómynstraðir með ísnöglum, en á hinni bifreiðinni voru allir hjólbarðarnir með sumarmynstri.

Jón Þór Þorbergsson lögreglumaður hefur verið á sjúkrahúsi að undanfögnu, en ekki þótti ástæða til þess að tefja málið frekar, til þess að færi gæfist til þess að taka af honum skýrslu, enda virðast allar staðreyndir málsins ljósar.

Ökumaður og farþegar í bifreiðinni G 6479 voru allir fluttir á slyshadeild Borgarspítalans, eins og áður er fram komið, og hafa verið lögð fram áverkavottorð úr sjúkraskrá þeirra allra, og eru

vottorðin undirrituð af Hauki Árnasyni lækni og dagsett í apríl og maí f. á.

Um meiðsli Magnúsar Más Valdimarssonar segir svo:

„Við skoðun kom í ljós hrufl á höfði hægra megin framan til, nokkru ofan gagnaugasvæðis og talsvert mar undir þessu hrufli. Hrufl á vísifingri vi. handar, talsvert mar um fremri kjúkuliðinn. Þrjú smá sár eru á hné yfir hæ. hnéskei og verkur við gang. Hann gengur haltur. Margúll var utanvert á hæ. læri.

Sjúkl. var sendur í rtg.myndatöku, og voru teknar myndir af höfuðkúpu, en á þeim greindust ekki merki um brot eða aðra áverka á höfuðkúpu. Myndir af háls hrygg sýndu sjö hálsliðboli, sem allir voru eðlil. að sjá, og hæð milli liðbola eðlil. Ekki merki um skrið eða sköddun á liðþófum. Rtg.myndir af lungum sýndu engar sjúklegar breytingar eða áverkamerki. Rtg.myndir af bringubeini sýndu engin merki um brot á bringubeini. Rtg.mynd af vi. vísifingri sýndi engin áverkamerki. Rtg.myndir af hæ. hné sýndu ekki merki um brot um hnéð.

Meðan sjúkl. var í ofanskráðri rannsókn á Röntgendeild, fékk hann talsverða ógleðitilfinningu og svimatilfinningu. Hann hafði þó ekki höfuðverk og kastaði ekki upp.

Að ofanskráðri rannsókn lokinni fékk Magnús crepebindisvafning um hæ. hné, en fékk síðan að fara úr Slysadeild Bsp.

Kom til eftirlits í göngudeild Slysadeildar hinn 2/4 1973. Segist þá hafa höfuðverk og óþægindi í hæ. hné og einnig eymsli, sérstaklega framan til yfir vi. hné og smelli í hnénu.

Ekki þótti ástæða til frekari rannsókna á þessu að sinni, en ráðgert, að ef óþægindi yrðu viðvarandi, kæmi hann aftur til frekari athugunar og þá e. t. v. skuggaefnisrannsóknar á hnénu.“

Um meiðsli Tryggva Más Valdimarssonar segir svo:

„Við skoðun kom í ljós: Sjúkl. er clinískt undir áhrifum áfengis. Hann virðist ekki vel áttaður á stað eða stund. Spyr, hvaða dagur sé, og tekur ekki vel eftir umhverfi sínu.

Á mjóbaki í hæð við II.-IV. lendarlið er hrufl yfir hryggjartindum, og nær það nokkuð yfir til vinstri við hryggjarsúlu og upp á neðstu rif vinstra megin. Mest eru þreifieymsli yfir hryggjartindi III. lendarliðar.

Á vinstra handarbaki er þroti og mar og bein og óbein eymsli þar. Hrufl er á hægri fæti utanverðum, rétt ofan við öklann á ca. 5—6 cm svæði. Sinaviðbrögð útlíma eru jöfn og eðlileg báðum megin.

Að þessari rannsókn lokinni var Tryggvi fluttur á Röntgendeild til myndatöku, og voru teknar röntgenmyndir af hægri olnboga og brjósthrygg, og greindust ekki á þeim merki um brot á beinum eða ferska áverka beina. Röntgenmyndir af vi. handarbaki sýndu, að brotið var handarbaksmegin og geislabeinsmegin úr II. miðhandarbeini, 3 x 4 mm stór flaski. Einnig var sprunga í gegnum III. miðhandarbein, ölnarbeinsmegin, sem gekk inn í liðinn milli miðhandarbeins og úlnliðs. Engin tilfærsla var á þessu broti.

Þá voru teknar myndir af lendarliðum, og greindist á þeirri mynd, að lendarliðir voru sex (venjulega fimm). Neðsti lendarliður var að nokkru vaxinn við spjaldhrygg. Á myndunum sást, að III. lendarliður var fleyglaga og lækkaður, sbr. við liðbolinn fyrir ofan og neðan, liðbolur fyrir ofan 37 mm, liðbolur fyrir neðan 38 mm, en III. lendarliður 34 mm (lækkaður um 3 mm miðað við liðbolinn fyrir ofan, 4 mm miðað við liðbolinn fyrir neðan). Á framanfrá myndum af mjóhrygg greindist, að nefndur lendarliður var lækkaður meira hægra megin en vinstra megin. Þá voru einnig teknar myndir af rifjum + hægri fótlegg, en á þeim greindust ekki merki um áverka á beinum.

Að þessari rannsókn lokinni var Tryggvi lagður inn á legudeild Slysadeildar til eftirlits vegna áverka hans.

Eftir myndatöku hafði Tryggvi talsverða þörf fyrir að losna við þvag, en gat það ekki. Hann fékk því Carbacholinsprautu kl. 05.00 og gat eftir það kastað þvagi eðlilega og svo þar á eftir.

Vegna brotsins á miðhandarbeinum fékk hann spelku frá hnúum að olnboga á vi. handlegg.

Hann var látinn liggja í rúminu fyrsta sólarhringinn, en síðan var tekið mál fyrir stuðningsbelti fyrir hrygg, og eftir að hann hafði fengið það, var honum leyft að fara á fætur. Hann hafði aðeins vott af blóði í þvagi fyrst eftir komu, en það hreinsaðist síðan.

Er útskrifaður úr legudeild Slysadeildar 28/3 1973.

Kemur til eftirlits í göngudeild Slysadeildar 6/4. Líðan er þá góð og gips fjarlæggt af vinstri handlegg. Er nánast eymslalaus og fékk því teygjuplástursvafning um úlnliðinn og fram á handarbak.

Við taugakerfissskoðun komu ekki í ljós einkenni um sköddun á mænu eða peripherum taugum. Góður kraftur var í ganglimum og sinaviðbrögð eðlileg. Ákveðið að hann hefði áfram styrktarbelti það, sem hann hafði fengið vegna hryggjarbrots. Skipt var á hruflí utanvert á hægri legg, og var það nánast gróið.

Kom til eftirlits í göngudeild Slysadeildar hinn 27/4 1973. Líðan var þá góð. Sæmilega góð hreyfigeta var í baki.

Tekin var röntgenmynd af mjóbaki, og sýndi hún, að engin röskun hafði orðið á brotinu á III. lendarlið, og talsverð beinmyndun var komin í brotið.

Tryggvi Valdimarsson hefur ekki komið til eftirlits í göngudeild Slysadeildar eftir þetta vegna fyrrgreinds slyss“.

Um meiðsli Ágústs Fjeldsted segir svo:

„Við skoðun kemur í ljós mjög tættur skurður frá miðju enni vinstra megin yfir nefrót og niður að hægra auga, innanvert við augað. Margir tættir skurðir á efra augnaloki hæ. megin og utanvert við hægra auga. Margir grunnir skurðir og hrúfl á nefi, og er meira af smáskráum hæ. megin á nefinu og hæ. kinn. V-laga skurður er í hársverði miðjum, rétt ofan ennis.

Við könnun á sárum kemur í ljós, að sprunga er í ennisbeinið yfir sinus frontalis, og bulbus oculi er frí-dissiceraður að nokkru í sári á efra augnaloki. Sjúkl. er með fullri meðvitund, og hann hefur, að því er virðist, sæmilega sjón á hæ. auga. Ljósop eru hringlaga og svara eðlilega fyrir ljósertingu.

Áðurnefnd sár í andliti voru saumuð í staðdeygingu á Slysadeild strax eftir komu, en sár á efra augnaloki við hægra auga, sem náðu inn í slímhúð augnaloksins, voru saumuð af Óla Birni Hannessyni augnlækni strax að áðurnefndri aðgerð lokinni hér í Slysadeild. Óli Björn Hannesson gerði aðgerð sína á augnalokinu hér á Slysadeild. Í lýsingu augnlæknis á sárum sjúkl. kemur fram, að hrúfl var á hornhimnu hæ. auga, en virtist ekki ganga inn í gegnum hornhinnuna, þannig að ekki væri gat á auganu. Vinstra auga var eðlilegt. Við skyggningu á hæ. auga kom í ljós, að innsýn var ekki alveg tær í augað, en augnbotn virtist eðlilegur. Engar innri blæðingar var að sjá. Augnalokið var saumað með nylon-saumum í brún augnaloksins og síðan í slímhúð og síðan í sár utanvert á auganu.

Eftir að sj. var lagður hér inn í Slysadeild Bsp., var líðan hans sæmilega góð. Ekki komu fram einkenni um sköddun á miðtaugakerfi eða peripherum taugum.

Við röntgenmynd af höfði komu ekki í ljós brot. Við röntgenmynd af andlitsbeinum, sérstaklega kinnbeini hæ. megin, kom ekki í ljós brot í kinnbeininu, en hann hafði brot, eins og áður greinir, á ennisbeini og hafði einnig brot á nefbeinum.

Háls- nef- og eyrnalæknir var fenginn til að líta á þetta, og þótti ekki ástæða til aðgerðar vegna þessa, en sjúkl. settur á anti-

biotica, bæði vegna þessa og eins vegna skóddunar á umgerð hæ. auga, eins og áður greinir.

Við útskrift af Slysadeild hinn 3/4 var Ágúst skoðaður af augnlækni. Þrotinn í augunum hafði þá minnkað, en hann hafði verið nokkur fyrstu daga eftir innlögn. Sjón við útskrift var góð á báðum augum. Augnglufa hæ. megin var þó nokkru minni en vi. megin og þroti meiri í augnaloki hæ. megin en vi. megin. Tvö augnhár á efra augnaloki hæ. auga vísuðu inn að auganu, og varð að fjarlægja þau.

Við útskrift var sjúkl. ráðlagt að hafa hægt um sig fyrst um sinn heima hjá sér og að hann kæmi síðan til eftirlits á stofu hjá Óla Birni Hannessyni lækni.

Ágúst hefur ekki komið til eftirlits í göngudeild Slysadeildar eftir þetta vegna áðurnefndra áverka, en saumar úr sárum í andliti, sem saumaðir voru á Slysadeild af læknum Slysadeildar, voru fjarlægðir fyrir útskrift af legudeild Slysadeildar, og voru sárin þá gróin.“

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna og annað það, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið hér að framan, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir, og þykir hún rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1952 1/7 Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1953 21/3 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1953 24/4 Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1954 30/4 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur öku-leyfi ævilangt, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr., 257. gr. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1954 25/6 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1956 2/5 Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1956 26/6 Vestmannaeyjum: Áminning fyrir ölvun.
- 1964 29/6 Neskaupstað: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1966 18/8 Neskaupstað: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengis-
lögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 7 mán-
uði frá 18. ágúst 1966.

Ákærða voru veitt ökuréttindi á ný 9. nóvember 1963 eftir hina
ævilöngu ökuréttindasviptingu, sem hann sætti á árinu 1954.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsing-
ar samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga.
Breytir það ekki refsíabyrgð ákærða, þótt hann hafi staðið í þeirri
trú við aksturinn, að hann æki á réttum vegarhelmingi. Þykir
refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs,
og sæti ákærði varðhaldi í 7 daga, verði sektin eigi greidd innan
4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Svipta ber ákærða ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðar-
laga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 2 mánuði
frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr.
74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakar-
kostnað, þar með 18.000 krónur í málsvagnarlaun til skipaðs verj-
anda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns.

Á afgreiðslu máls þessa hefur orðið óhæfilegur dráttur, og hef-
ur verið gerð hér að framan grein fyrir gangi málsins fram að út-
gáfu ákæru. Þingfesting málsins eftir útgáfu ákæru hefur einnig
dregist úr hófi. Þegar ákæran barst dómaranum seinast í maí á
sl. ári, fór sumarleyfi í hönd. Að því loknu tóku við annir dómari-
ans við afgreiðslu á eldri málshöfðunum og loks tímafrekar dóms-
rannsóknir, sem honum voru faldar á síðustu mánuðum og ekki
voru taldar þola bið.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Kristjánsson, greiði 20.000 króna sekt til rík-
issjóðs, en sæti varðhaldi í 7 daga, verði sektin eigi greidd
innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 mánuði frá uppkvaðn-
ingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með 18.000 krónur
í málsvagnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars
Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns.